

hann læsi í henni einn kapitula bæði kvölds og morguns fyrir hyski sínu, og það efndi hann. Konan hlýddi á lesturinn með athygli, og kom manni hennar það mjög á óvart. Sá guð, sem eigi lætur sjálfan sig án vitnisburðar, hreif hjarta hennar með orði sínu, svo að hún sýndi manni sínum virðingu, og kvaðst löksins vilja læra að lesa í heilagri ritningu. Friður og eining komst á milli þeirra hjóna; þau urðu vel megandi, og börnin nutu kristilegrar uppfræðingar. Maðurinn lék á als oddi af gleði, og konan var innilega þakklát fyrir breytingu þá, er á var orðin, og mælti: „Blessun drottins fluttist í hús mitt sama daginn og maðurinn minn kom með heilaga ritningu.

Þýtt hefur H. Kr. Fr.

Auðmaðurinn og fátæklingurinn.

Auðmaður nokkur af háum stigum, en trúlitill og lítt guðhræddur, gekk kvöld eitt sér til skemtunar á bugarði sínum. Honum varð gengið fram hjá kofa einum gömlum og nrörlegum; þar bjó fátækur maður, er átti fjölda barna. Auðmaðurinn heyrði, að einhver talaði hátt og skýrt í kofanum. Hann nam staðar og hleraði. Heyrði hann þá, að fátæklingurinn þakkaði drotni fyrir miskunn þá, er hann gæfi honum fæði og klæði. „Hvernig stendur á þessu?“—mælti þá auðmaðurinn; „þessi fátæklingur þakkar drotni fyrir fæði og klæði, og mér dettur það aldrei í hug, og lifi eg þó við allsnægtir.“ Hann blygðaðist sín og skundaði heim; einsetti hann sér þá, að snúa sér til drottins aftur, er hann hafði fyrir látið sökum ástar á gæðum þessa heims, og það efndi hann. Upp frá því þakkaði hann drotni á hverjum degi fyrir velgerðir þær, er drottinn lét honum í skaut falla. Eigi gleymdi hann heldur að gera gott fátæklingi þeim, er hafði verið tilefni til þess að honum snerist þænnig hugur.

Þýtt af H. Kr. Fr.

Hinn hræddi dómari.

Auðugur gimsteinasali nokkur í Hollandi tók sér einhverju sinni ferð á hendur í erindum sínum, og hafði hann með sér talsverða peninga og ýmsa dýrmæta gimsteina. Á ferð þessari fylgdi honum þjónn einn, er hafði lengi verið hjú hans, og honum var því vel við. Á leiðinni einsetti þjónninn sér að drepa húsbónda sinn, og taka peningana og gimsteinana, því að þá yrði hann alt í einu maður auðugur; og eigi leið heldur á löngu áður en honum gafst færi á að fremja illverkið. Gim-